

Carbon Recycling International ehf.
Gunnar Þórðarson
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Reykjavík 29. janúar 2015

Tilvísun:201409011 / 5.2

Efni: Metanólverksmiðja CRI við Svartsengi - ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun um metanólverksmiðju CRI við Svartsengi, Grindavík.

Carbon Recycling International ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 9. desember 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

Carbon Recycling International ehf. Metanólverksmiðja CRI í Svartsengi, Grindavík. Desember 2014.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Grindavíkurbæ, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Grindavíkurbæ, með tölvupósti dags. 23. janúar 2015, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 5. janúar 2015, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 18. desember 2014, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. desember 2014 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 17. desember 2014. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 7. og 26. janúar 2015.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Carbon Recycling International ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Carbon Recycling International ehf. setti fram í bréfum dags. 7. og 26. janúar 2015 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í umsögn Grindavíkurbæjar er þess óskað að reynt verði að sameina fráveitu CRI við affallslögn frá HS Orku. Í svörum CRI kom fram að gerð verði grein fyrir þeim möguleika í frummatsskýrslu sem og þeim kosti að leggja nýja lögn samhliða lögn HS Orku. Fjallað verði um alla raunhæfa möguleika í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun bendir á að leggja þarf mat á umhverfisáhrif raunhæfra valkosta. Sé það valkostur að CRI leggi fráveitulögn sína samhliða lögn HS Orku þarf að að gera grein fyrir tilhögun þeirrar framkvæmdar og umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur jákvætt að gerð verði grein fyrir þeim valkostum sem eru til staðar varðandi fráveitu verksmiðjunnar en minnir á að þann kost sem verður fyrir valinu ber að rökstyðja með tilliti til umhverfisáhrifa. Ef fyrirhugað er að fráveita CRI berist til sjávar líkt og affall HS Orku þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir áhrifum þess á viðtaka. Kostur á fráveitu þarf að sýna á uppdrætti, þ.e. staðsetningu lagna og/eða tengingar við affall HS Orku. Einnig þarf að sýna staðsetningu niðurdælingarholu þar sem hún er einn af þeim kostum sem koma til greina við fráveitu.

Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun hvetur til þess að við vægiseinkunnir áhrifaþátta verði stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Heimilt er að víkja frá þeim en þá ber að rökstyðja þá einkunnagjöf sem tekin er í staðinn.

Annað

Hvatt er til þess að yfirlitsmynd verði birt framarlega í frummatsskýrslu þar sem staðsetning og afstaða til orkumannvirkja kemur skýrt fram.

Í kafla 3.10 á bls. 17 er efnistaka og haugsetning talinn til megináhrifaþátta framkvæmdanna. Brýnt er að greina frá umfangi efnistöku og haugsetningar, bæði magni og áhrifum sem og staðsetningu náma og haugsetningarsvæða á uppdrætti eða loftmynd.

Í vinsunartöflu nr. 4 á bls. 19 er minnst á óviðeigandi förgun sorps. Gera þarf grein fyrir förgun sorps í frummatsskýrslu og skýra ef hún er á einhvern hátt óviðeigandi.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 má framkvæmdaraðili kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. mars 2015.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Skipulagsstofnun